

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1025/2021 um Ask – mannvirkjarannsóknarsjóð.

#### 1. gr.

Í stað orðsins „innviðaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: félags- og húsnæðismálaráðherra.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „innviðaráðuneytinu og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu“ í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun annast framkvæmd reglugerðar þessarar, þ.m.t. rekstur og daglega umsýslu sjóðsins, stjórnsýslu og framkvæmd úthlutunar.
- b. 1. og 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skipar vísindaráð sem hefur það hlutverk að greina rannsóknarþörf á sviðum mannvirkja- og húsnæðismála. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun mótar áherslur hverrar úthlutunar, í samstarfi við hagaðila, byggt á rannsóknarþörf sem skilgreind er af vísindaráði.
- c. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun setur starfsreglur fyrir sjóðinn.

#### 4. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Burður – samstarfsvettvangur um rannsóknir og prófanir í mannvirkjagerð.*

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal starfrækja samstarfsvettvang um rannsóknir og prófanir í mannvirkjagerð. Samstarfsvettvangurinn hefur það hlutverk að móta rannsóknaráætlun sem byggð er á skilgreindri rannsóknarþörf og fylgja því eftir að fjármunum Asks – mannvirkjarannsóknarsjóðs sé ráðstafað til að framfylgja þeirri áætlun, sbr. einnig 5. gr. Samstarfsvettvangnum er jafnframt ætlað að leitast eftir samstarfi og fjármögnun rannsóknarverkefna í samstarfi við hagaðila á markaði og styðja þannig við mannvirkjarannsóknir.

Að stjórn samstarfsvettvangsins starfar stýrihópur sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leiðir og í eiga sæti fulltrúar fagráðuneyta, Samtaka iðnaðarins, fagfélaga og háskólasamfélagsins.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum „styrki úr sjóðnum“ í 1. málsl. kemur: að minnsta kosti einu sinni á ári.
- b. 2. málsl. fellur brott.

6. gr.

Orðin „ráðuneytið og“ í 3. tölul. 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

7. gr.

Orðið „fagráði“ í 8. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tekur ákvörðun um styrkveitingu byggða á rannsóknaráætlun samstarfsvettvangs á grundvelli útgefinnar rannsóknarþarfar vísindaráðs.
- b. 2. mgr. orðast svo: Við ákvörðun um úthlutun skal leitast við að velja verkefni úr öllum áhersluflokkum að því gefnu að umsóknir allra flokka uppfylli skilyrði og standast mat. Einnig má horfa til þess við heildarúthlutun að verkefni séu fjölbreytt og sprottin úr misjöfnum jarðvegi. Við heildarmat er einnig heimilt að líta til þarfar umsækjenda fyrir fjármagn og þarfa á markaði.
- c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 6. mgr. kemur: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
- d. Í stað orðanna „Fagráð og ráðherra skulu“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal.
- e. Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. málsl. 7. mgr. kemur: Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

9. gr.

2. málsl. 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er þá heimilt að afturkalla styrkveitinguna að hluta til eða í heild og getur krafði styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk.

10. gr.

Í stað orðanna „innviðaráðuneytinu og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu“ í 11. gr. reglugerðarinnar kemur: félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

11. gr.

Í stað orðanna „innviðaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra“ í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar kemur: félags- og húsnæðismálaráðherra og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

12. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 54. gr. a, sbr. 15. tölul. 60. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, öðlast þegar gildi.

*Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 10. nóvember 2025.*

**Inga Sæland.**

---

*Hildur Dungal.*

---

B deild - Útgáfudagur: 11. nóvember 2025